

Markmið

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald og nýtist honum í áframhaldandi námi. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra en gefi þeim um leið persónulegt útlit.

Kennsluáðferðir/vinnulag

Nemendur byrja á því að fá kynningu á smíðastofunni þar sem hún er skoðuð og farið yfir reglur.

Nemendur fá þjálfun í að vinna eftir ákveðnu hönnunarferli. Þ.e. að fá hugmynd, koma henni frá sér í formi skissu eða vinnuteikningar sem svo er smíðað eftir. Þannig fá nemendur þjálfun í að fylgja hugmyndum sínum eftir allt að lokaafurð.

Kennari leggur inn verkefni, fer yfir þau verkfæri og vinnuáðferðir sem nota á í hverju verkefni með sýnikennslu, útskýringum og farið yfir öryggisþætti t.d. hlífðarbúnað og vinnustellingar. Í þessu ferli myndast oft umræða þar sem nemendur greina frá þekkingu sinni og spyrja frekari spurninga. Þegar nemendur hefja vinnu gengur kennari á milli nemenda og aðstoðar eftir þörfum.

Námsmat

Námsmat fer fram í vefkerfinu Mentor.is þar sem kennari skráir inn hvort nemandi hefur náð þeim námsmarkmiðum, þ.e. hæfni og þekkingu sem lagt er upp með eða hvort nemandinn þarfnist frekari þjálfunar. Viðmið og mat kennara miðast við aldur og fyrri getu nemenda og eru unnin upp úr Aðalnámskrá grunnskólana.

Matið er skráð með litakvarða þar sem;

Blátt = Framúrskarandi

Grænt = Hæfni náð

Gult = Á góðri leið

Rautt = hæfni ekki náð

Námsgögn

Notast er við efni / verkefni frá kennara.

Nemendur nota helst hamar og nagla, sög, tommustokk, liti, skissubækur, borvél og sandpappír.